



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Hraunborg

2021 – 2022



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra mat leikskólans fyrir 2020-2021.....	4
2.1 Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022.....	7
2.2 Innra mat Lóulands.....	11
2.3 Innra mat Spóalands.....	14
2.4 Innra mat Þrastalands	18
2.5 Innra mat sérkennslu.....	21
2.6 Innra mat – fjöltyngd börn	24
3 Ytra mat	26
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	27
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	27
8 Foreldrasamvinna	28
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	28
10 Fylgigögn.....	30
10.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs	30



Leiðarljós leikskólans

„Að vera í skóla er ekki undirbúningur fyrir lífið, það er lífið” John Dewey.

Í Hraunborg leggjum við áherslu á einkunnarorðin okkar „leikur, læsi og lífsgleði”. Við trúum því að áhugi barns stjórnar námi þess og að það læri af eigin reynslu. Undirstöðupættir í uppeldisstarfinu eru: Leikur, læsi í hólkvíðum skilningi, gleði og lífsleikni. Í leik lærir barn að þekkja og virða sjálft sig og aðra, það þróar með sér jákvæða sjálfsmynd, sjálfstæði, sjálfsaga og að eiga samskipti við aðra.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Nú líður senn að nýju starfsári. Eins og ávallt voru verkefni síðasta árs fjölbreytt og tókst starfmannahópurinn á við fjölbreytt, krefjandi og skemmtileg verkefni. Hin hefðbundnu verkefni sem sneru að uppeldisstarfinu, rekstri leikskólans, starfsmannahaldi og foreldrasamstarfi voru á sínum stað. Við höldum áfram að vinna að umbótum tengdu ytra mati svo sem með áframhaldandi innleiðingu á Jákvæðum aga sem gengur út á að móta umhverfi sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, hlustun, vinsemd og festu. Jákvæður agi kennir einnig félagsfærni og lífsleikni en það eru einmitt þeir þættir sem við völdum að byrja á að vinna með út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Við höldum áfram með breytt skipulag í sambandi við fækkun borða og er almenn ánægja hjá starfsfólki og börnum með meira rými inni á deildunum.

Haustið fór vel af stað hjá okkur með nokkra nýliða sem lærðu smátt og smátt inn á verkefni sem tilheyra starfinu. Skipulagið okkar tók stöðugum breytingum vegna aðstæðna í þjóðfélaginu. Aðlögun barna milli deilda hófst síðari hluta ágúst mánaðar og í kjölfarið hófst aðlögun nýrra barna. Aðlögunin gekk vel en ekki náðist að fylla í öll laus pláss fyrr en í janúar 2021. Í september fengum við fræðslu um Jákvæðan aga. Sami stýrihópur hélt áfram störfum og fundaði hann reglulega yfir veturinn til að halda utan um innleiðinguna. Ekki tókst að vera með áætlaðan skipulagsdag í október vegna Covid. Í nóvember vorum við með skipulagsdag og fengum fræðslu um fjölmenningu og einnig var unnin mikil vinna í sambandi við styttingu vinnuvikunnar. Í febrúar fór allur starfsmannahópurinn á skyndihjálparnámskeið. Einnig fékk allur starfsmannahópurinn fræðslu og kennslu um vinnustund og orðaleik.

Leikskólastjóri tók þátt í að þróa áfram Velkomin verkefnið og gengur það verkefni vonum framár og hefur sýnt sig að það er nauðsynlegt fyrir alla þá aðila sem koma að hagsmunum barna.

Vegna aðstæðna í vetur þar sem lítið hefur mátt hittast þá ætlum við að vinna að nokkrum sömu umbótaþáttum og við vorum með síðast liðinn vetur ásamt því að bæta við nýjum þáttum sem okkur



þykir mikilvægt að vinna að eftir að niðurstöður foreldrakönnunarinnar voru ljósar. Okkur þykja þeir það mikilvægir að við viljum vinna betur og dýpra með þá þætti sem við höldum áfram með.

2 Innra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Okkur hefur farið mikið fram í innra mati en getum þó alltaf gert betur og því ætlum við að hafa þennan þátt áfram sem einn af okkar umbótaþáttum. Við erum ennþá að þróa og útbúa matsblöð fyrir áframhaldandi vinnu með innra mat. Börnin hafa verið að meta myndrænt ýmsa þætti sem viðkoma starfinu. Ferilmöppur barnanna eru komnar í góðan farveg. Við höldum líka áfram að nýta okkur matsaðferðir eins og Smábarnalistann, Íslenska þroskalistann, Efi 2 og Hljóm 2. Við erum að leita fleiri leiða til að meta þau verkefni sem við vinnum með og ætlum að halda áfram þeirri leit. Þetta er langtímaverkefni sem er komið vel af stað og mun halda áfram í vinnslu.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Hópastarf	Broskallamerking Skriflegt mat	Börnin Starfsmenn	Yfir höfuð fannst börnunum gaman en þó fannst nokkrum þeirra þetta ekki eins gaman. Yfir höfuð gekk hópastarfið vel, féll örsjaldan niður vegna manneklu.
Hádegismatur	Broskallamerking	Börnin	Yfir höfuð fannst börnunum maturinn góður
Söngsalur	Broskallamerking	Börnin	Langflestum finnst gaman í söngsal
Umferðafræðsla	Skriflegt	Starfsmenn	Þessi vika fór framhjá mörgum. Sumir nýttu vettvangsferðir í fræðslu. Elstu börnin horfðu á sögur um krakkana í Kátugötu. Það mætti setja umferðafræðsluna inn í hópastarfsskipulagið (vikuseðlana)
Foreldraviðtöl að hausti	Skriflegt	Starfsmenn	Gengu vel, voru tekin í gegnum í síma í þetta skiptið og hefði verið sniðugt að nota t.d Teams í þessi viðtöl svo þau yrðu persónulegri

Hattadagur	Skriflegt	Starfsmenn	Gekk mjög vel, flestir komu með hatt. Mættum minna foreldra á deginum áður og tala sérstaklega við foreldra erlendu barnanna.
Bleikur mánuður	Skriflegt	Starfsmenn	Gekk mjög vel
Náttfataball og bangsadagur	Skriflegt	Starfsmenn	Gekk mjög vel
Kirkjuferð	Skriflegt	Starfsmenn	Gekk mjög vel og mikil ánægja með að sleppa veitingum.
Jólaball	Skriflegt	Starfsmenn	Gekk mjög vel. Héldum 2 böll og jólasveinninn kíkti á okkur í gegnum gluggann og gaf öllum börnunum vasaljós.
Dótadagur	Skriflegt	Starfsmenn	Gekk mjög vel. Börnin voru dugleg að skiptast á dóti.
Vasaljósavika	Skriflegt	Starfsmenn	Gekk yfir heildina vel. Ekki mættu þó öll börn með vasaljós og spurning hvort við höfum ekki vasaljósamánuð á næsta skólaári.
Tannverndarvika	Skriflegt	Starfsmenn	Gekk ekki nógu vel í þetta skiptið, starfsfólk ekki nógu vel undirbúið og að auki var aðlögun í gangi á yngstu deildinni.
Dagur leikskólans	Skriflegt	Starfsmenn	Gekk ágætlega en þó hitti þetta á sömu viku og tannverndarvikan og því var lítill tími til undirbúnings. Starfsfólk þarf að vera betur meðvitað um skóladagatalið og undirbúa verkefni í tíma.
Öskudagur	Skriflegt	Starfsmenn	Gekk vel. Það mætti undirbúa salinn daginn áður og einnig mætti starfsfólk á öllum deildum vera virkara á ballinu.
Foreldraviðtöl að vori	Skriflegt	Starfsmenn	Gekk yfir höfuð vel. Misjafnt eftir deildum hvað foreldrar voru duglegir að skrá sig í viðtöl. Okkur tókst að hafa einhver viðtöl hér í leikskólanum en önnur voru tekin í gegnum síma.
Stytting vinnuvikunnar	Skriflegt	Starfsmenn	Yfir höfuð eru allir ánægðir með styttinguna þegar þeir eiga styttingu en samt örlar á samviskubiti hjá starfsfólki að fara þegar það veit af því að það vantar fólk. Deildarstarfsmenn þurfa að hugsa allan daginn í



			gegn áður en þeir skipuleggja styttinguna svo þeir lendi ekki í því að vera allt í einu of fáir í lok dagsins.
Undirbúningstímar	Skriflegt	Starfsmenn	Gengur misvel, á sumum deildum gengur vel en á öðrum illa. Deildarnar þurfa að setja upp plan og fylgja því.
Innra mat – í heildina	Skriflegt	Starfsmenn	Þetta hefur ekki gengið nógu vel í vetur, það hefur mikið gleymst að láta börnin meta starfið og við þurfum að vera duglegri að meta viðburði hér í leikskólanum jafn óðum og þeir eru búnir. Hægt að prenta út miða í upphafi skólaárs og láta hvern hópstjóra fá.



2.1 Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Upplýsingaflæði til starfsmanna og foreldra	Að upplýsingar sem skipta máli berist hratt og örugglega til allra viðeigandi aðila	Senda upplýsingarnar fljótt út til viðeigandi aðila, ekki bíða	Stjórnendateymið	Haust 2021	Vor 2022	Nota tölvupóst, Völuna, FB síður, tilkynningatöflu í fataherbergi og senda út fréttabréf reglulega.	Könnun send á foreldra og starfsmenn, niðurstöður könnunarinnar ættu að leiða í ljós hvort vel hafi tekist til.
Lausnarmiðað starfsfólk í samskiptum við foreldra með annað tungumál en íslensku	Að allir foreldrar upplifi að þeir fái sömu skilaboðin og upplýsingarnar óháð tungumálakunnáttu.	Finna fjölbreyttari leiðir til þess að koma skilaboðum og upplýsingum til foreldra.	Stjórnendateymið	Hefst næst skólaár		Könnun send til foreldra	Ef allir foreldrar telja sig vera vel upplýsta um það sem er á döfinni hér í leikskólanum.
Uppeldis- og menntastarf							
Leikskólabragur Viðmót og menning	Að kenna virðingu með því að sýna virðingu.	Halda áfram að fræðast um og innleiða Jákvæðan aga.	Stjórnendahópurinn og stýrihópur Jákvæða aga.	Hefst næsta skólaár	Lýkur vorið 2022	Metið með því að stýrihópurinn hittist einu sinni	Að virðing sé borin fyrir öllum.

Velferð og líðan	Að starfsmenn séu hvetjandi þegar þeir leiðbeina börnunum. Að starfsmenn hlusti á börnin til að heyra hvað þau segja og bregðist við því sem tjáð er. Að brugðist sé við krefjandi hegðun af fagmennsku. Að ákvörðunum sé fylgt eftir með góðvild og festu.	Stýrihópur fer á réttindanámskeið. Lesa göng um efnið.				í mánuði og fer yfir stöðuna. Útbúa spurninglista sem starfsfólk svarar til að sjá hvernig gengur.	Að brugðist sé við af fagmennsku við krefjandi hegðun . Að starfsfólk fylgi ákvörðunum eftir með góðvild og festu.
Mannauður/Leikskólabragur							
Hópefli	Að starfsmannahópurinn verði samstíga í öllum þeim verkefnum sem við tökum okkur fyrir hendur. Að starfsmenn vilji og hafi áhuga á að mæta á viðburði á vegum skemmtinefndarinnar.	Virkja mannauðinn hjá hverjum og einum starfsmanni. Úthluta verkefnum eftir áhugasviði hvers og eins. Hafa skipulagt fyrir fram ákveðna viðburði sem starfsfólki	Stjórnendateymið Skemmtinefndin	Haust 2021	Vor 2022	Ræða við starfsmenn og finna út þeirra áhugasvið og fela þeim verkefni við hæfi.	Þegar mannauðurinn er betur nýttur og starfsmenn verða stoltari og ánægðari í starfi. Þegar þátttaka í hinum ýmsum viðburðum verður orðin betri og starfsmenn

		býðst kostur á að taka þátt í.					viljugri í að taka þátt í að undirbúa viðburði.
Innra mat							
Mat á viðburðum	Meta hvern viðburð ekki seinna en viku eftir að hann er búinn.	Hafa stutta deildarfundir þar sem deildarstarfsmenn meta viðburðina saman.	Deildarstjórar	Haust 2021	Vor 2022	Matið verður skriflegt, þar sem starfsmenn velja því fyrir sér hvað gekk vel og hvað má betur fara.	Um áramótin þá verði búið að meta alla þá viðburði sem voru á haustönninni og í júní að þá verði búið að meta alla þá viðburði sem eru á vorönninni.
Börnin meta starfið	Að starfsmenn séu duglegri að láta börnin meta hina ýmsu þætti í leikskólastarfinu.	Undirbúa að hausti þá þætti sem á að meta og hafa tilbúið þegar vetrarstarfið hefst.	Deildarstjórar	Haust 2021	Vor 2022	Prentaðir verða út broskallamiðar þar sem börnin merkja við hvernig þeim fannst viðkomandi stund eða viðburður. Einnig að fá börnin til að taka myndir af því sem þeim finnst skemmtilegt og líka því sem þeim þykir ekki eins skemmtilegt og hafa matið þeirra sjónrænt. Mat barnanna fer svo í ferilmöppur þeirra.	Hægt sé að skoða ferilmöppur barnanna og sjá hvernig og hvað þeim finnst skemmtilegt að gera og hvað þeim þykir ekki eins skemmtilegt að gera.





2.2 Innra mat Lóulands

Á Lóulandi eru 25 börn og fimm starfsmenn einnig eru tveir starfsmenn sem sinna sérkennslu á deildinni. Börnin eru á aldrinum 2ja til 6 ára. Aðlögunin hjá okkur gekk mjög vel og voru börnin fljót að aðlagast. Aðlögun lauk um miðjan febrúar.

Foreldrasamstarfið var gott yfir heildina, reynt var að skapa samvinnu og traust á milli leikskóla og foreldra. Foreldraviðtölin voru bæði fyrir og eftir áramót. Vegna Covid fengu foreldrar viðtal símleiðis fyrir áramót. Foreldrar eldri og yngri barna fengu viðtal eftir áramót. Vegna dræmrar þátttöku er þeim ólokið. Foreldrar hafa alltaf tækifæri á að biðja um auka viðtal ef þeir óska þess.

Upplýsingar til foreldra voru aðallega munnlega og einnig í gegnum Facebook. Við notuðum mikið upplýsingatöfluna í fatherberginu sem virðist ekki vera mikið notuð af foreldrum. Við höfum verið að nota gluggana á deildinni sem upplýsingaglugga þar sem foreldrar höfðu takmarkað aðgengi að leikskólanum í vetur vegna Covid. Þar höfum við haft t.d. hópastarfsblöðin sem sýna hvað við gerum þar, hvernig börnin borðuðu og hvaða barn sinnir hvaða hlutverki. Foreldrar virðast kunna vel að meta þetta.

Hópastarfið gekk vel fyrir áramót en varð erfiðra eftir áramót og virðist sem þreyta hafi verið í starfshópnum. Hóparnir voru fyrst þrír en þegar börnunum fjölgaði þá urðu hóparnir fjórir. Við skiptum hópunum eftir aldri barnanna.

Eitt af gildum leikskólans er læsi. Við unnum markvisst með læsi og notuðum við námsefnið Lubbi finnur málbein, Orðahljóð sem er lottóspil sem þjálfar hljóðvitund og Sögugrunn sem þjálfar frásögn og sögugerð. Í hverri viku kynntum við börnunum eitt málhljóð og unnum við með það á ýmsa vegu. Við höfum verið að þróa nýtt efni til að nota í Lubba sem hefur komið vel út. Börnin hlustuðu á sögu tengdu málhljóðinu, elstu börnin æfðu sig að skrifa málhljóðið, fundu orð sem byrjuðu á málhljóðinu og sungu kvæði um málhljóðið.

Yngstu börnin fengu málhljóðið til að lita, klippa, líma og sungu kvæðið um málhljóðið. Eftir áramót breyttust hóparnir og allra yngstu börnin sem við fengum ný á deildina þurftu annað námsefni. Við vorum smá tíma að finna efni sem hentaði þeirra getu og þroska. Við ákváðum að prófa að hafa börnin saman af tveimur eldri deildunum annað slagið. Það gekk misjafnlega.

Elsti hópurinn vann með stærðfræðibækur sem ætlaðar eru leikskólabörnum. Boðið var upp á frjálstan leik eftir hádegi sem gekk vel og er mjög vinsælt hjá öllum börnunum. Valið var einnig notað ef hópastarfið féll niður. Útiveran var vel nýtt þ.e.a.s. þegar veðrið bauð upp á útiveru, börnin sóttust eftir að fara í útiveru.

Vettvangsferðir voru skipulagðar og voru nýttar í að vinna með málhljóð vikunnar. Börnin voru hvött til þess að leita að málhljóði vikunnar í umhverfinu. Ferðirnar voru reglulegar ef færð og veður leyfði.

Samvera var fastur liður í dagskipulaginu tvisvar á dag, þar var sungið, lesið og ýmislegt rætt um daginn og veginn. Yfir heildina gekk það vel en við breyttum lestrarhópunum og skiptum börnunum eftir getu þeirra að ráði talmeinafræðings. Við höfum verið að reyna að halda verkefninu Gefðu 10 í starfi okkar. Skráningar fyrir Gefðu 10 hafa gengið misvel á deildinni, en erum að reyna að bæta okkur í því. Samkvæmt Jákvæðum aga reyndum við að halda barnafundi tvisvar sinnum í viku. Þar var ýmisleg rætt, meðal annars var lögð mikil áhersla á vináttuna, hvað felst í því og einnig hegðun. Einnig höfum við verið að æfa okkur að hvetja og hrósa hvert öðru. Jákvæður agi hefur verið að síast hægt og rólega inn hjá okkur.

Matmálstími gekk yfir heildina vel, oftast ró og næði og oft skemmtilegar umræður hjá börnunum. Skólahópur borðar í Listabergi til að auka gólfleikrými á deildinni og verða þar áfram. Börnin fengu að skammta sér sjálf og ganga frá eftir sig. Reyndar höfum við takmarkað þetta í Covid-19.

Hvíldin gekk yfir höfuð vel, þar var lögð áhersla að ná ró og að læra að slaka á. Einnig var hlustað á sögur í upptökuformi eða á rólega tónlist.

Umbótaþættir í vetur hjá okkur voru að vinna í ferilmöppum barnanna og vinna með frjálsa sköpun barnanna. Við teljum okkur að hafa náð því takmarki sem við settum okkur í umbótaþáttunum. Ferilmöppur er skemmtileg aðferð til að fylgjast með og skrá nám og þroska barnanna.



UMBÓTAÞÆTTIR Lóulands	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Sýnilegar skráningar á námi barnanna	Að nám barnanna verði skráð í máli og myndum og verði sýnilegt fyrir alla.	Tökum myndir af börnunum þegar þau eru að vinna að verkefni. Skráum niður ferlið á verkinu.	Deildarstjóri ásamt deildarstarfsmönnum	Haut 2021	Vor 2022	Farið yfir hvort sé búið að skrá fyrir öll börn á hverjum deildarfundum sem eru mánaðarlega	Að vori þá eigi öll börnin a.m.k 4 verkefni þar sem skráningar eru sýnilegar.
Gefðu 10	Að allir starfsmenn tileinki sér Gefðu 10	Ákveðum fyrir fram hvaða börnum eigi að sinna á hverju tímabili	Deildarstjóri	Haut 2021	Vor 2022	Metið á deildarfundum sem eru í hverjum mánuði. Farið yfir skráningar og málin rædd og næstu börn ákveðin.	Þegar þau börn sem hafa fengið Gefðu 10 eru komin með meiri orðaforða og farin að tjá sig meira.
Að starfsfólk taki virkan þátt í gólf leikjum með börnunum	Að allir starfsmenn setjist á gólfið og taki virkan þátt í leik barnanna.	Hvetjum starfsfólk til þess að setjast niður með börnunum.	Deildarstjóri ásamt deildarstarfsmönnum	Haut 2021	Vor 2022	Farið yfir á deildarfundum. Starfsmenn hvattir til að skrá hjá sér hvenær þeir setjast niður með börnunum og í hvaða aðstæðum/leik það var.	Þegar starfsmönnum þykir orðið sjálfsgætt að setjast niður á gólfið og taka virkan þátt í leik barnanna.

2.3 Innra mat Spóalands

Á Spóalandi haustið 2020 byrjuðu 18 börn, ásamt 4 starfsmönnum. Fimmti starfsmaðurinn hóf störf 10. nóvember og eru því 5 fastir starfsmenn á deildinni. Í desember prófuðum við að vinna eftir styttingu vinnuvikunnar og ákváðum við á deildinni að hafa föstudagana ekki með heldur væri hægt að breyta ef þess þyrfti. Þessi prufa gekk mjög vel og ákváðum við á leikskólanum að fara strax í fulla styttingu eða 4 tíma. Styttingin tók svo gildi 1. janúar og ákváðum við að láta skipulagið rúlla mánaðarlega sem hefur gengið mjög vel. Á deildinni byrjuðu í haust vanur deildarstjóri og 3 nýir starfsmenn sem vissu og kunnu mismikið. Gott andrúmsloft er á deildinni og mikil samvinna. Börnin á Spóalandi voru í byrjun á aldrinum 3ja til 6 ára en þegar þeim fjölgaði þá var yngsta barnið 2ja ára. Börnin urðu 25 talsins í febrúar 2021. Í heildina lítið gekk starfið vel síðasta árið, lítið um veikindi starfsmanna og aðlögun gekk mjög vel. Það urðu mannaskipti í byrjun maí þar sem einn hætti, annar fór í veikindaleyfi og það komu tveir inn í staðinn. Aðlögun þeirra gekk mjög vel og féllu þær strax vel inn í hópinn.

Foreldra samstarf var gott og var sköpuð samvinna og traust milli leikskóla og foreldra. Foreldraviðtöl voru tvö á skólaárinu, fyrir áramót var viðtal við nýja foreldra og fóru þau fram í gegnum síma vegna COVID-19. Í mars var svo öllum boðið í viðtal sem allir þáðu þó einhverjir gleymdu að mæta. Foreldraviðtöl sem fóru fram í feb/mars fengu að vera í leikskólanum, en foreldraviðtölin sem fóru fram eftir páska voru í gengum síma. Einnig geta foreldrar óskað eftir auka viðtölum ef þau vilja. Í maí verða stutt viðtöl við foreldra í skólahóp. Upplýsingar til foreldra fóru að mestu fram í gegnum Facebook síðuna okkar, tölvupóst eða munnlega. Einnig höfum við sett á Facebook síðuna okkar upplýsingar um hvernig vikan leið, hvað var gert og settir inn matseðlar vikunnar. Hefur Facebook hjálpað mikið til vegna COVID-19 þar sem foreldrar hafa ekki mátt koma inn í leikskólann. Í maí fengu foreldrar loksins að koma inn með börnin sín, með grímu, sem var frábært og þá myndast betri tengsl við foreldrana.

Hópastarf fyrir jól gekk mjög vel, féll sjaldan eða aldrei niður, vorum við með 3 hópa og voru tveir með yngsta hópinn. Eftir áramót hefur hópastarfið meira fallið niður þá aðallega vegna manneklu. Í byrjun árs bættist við 4. hópinn þegar börn frá Þrastalandi komu yfir til okkar. Þar sem þessi hópur þurfti annað námsefni en við vorum að vinna með var farið í það að útbúa það. Við ákváðum svo að sameina hópinn með Lóulandi sem gekk vel.

Í hópastarfinu héldum við áfram að vinna með Lubbi finnur málbein, Sögugrunn, stærðfræði, félagsfærni, orðahljóð, hreyfingu, list og vettvangsferðir.

Eitt af gildum leikskólans er læsi og unnum við markvisst með það í hópastarfinu. Á mánudögum var unnið með Lubbi finnur málbein og allir hópar gerðu það. Sagan um málhljóðið var lesin, sungið var

kvæðið og ýmis verkefni voru unnin út frá málhljóðunum. Tveir elstu hóparnir fundu síðan orð sem byrjuðu á málhljóði vikunnar. Skólahópur skrifaði síðan niður orð og teiknaði mynd með orðunum sem þau skrifuðu.

Tveir elstu hóparnir fóru í Sögugrunn og völdu sér tvær myndir til að byrja með en síðan fór þeim fjölgandi eftir því sem á leið veturinn. Út frá myndunum sem þau völdu sér að þá sögðu þau sögu sem var annaðhvort tekin upp eða skrifuð niður. Í lokin teiknuðu þau myndirnar sínar á blað og sagan var síðan límd á blaðið.

Yngstu hóparnir fóru í sögulestur og orðaspjall þar sem kennarinn átti að finna bók við hæfi barnanna og taka út orð sem átti að útskýra nánar, klappa það, hvísla og segja það í kór.

Skólahópur fór í stærðfræði, vorum við með bókina Í talnalandi 1 og 2. Hinir hóparnir fóru í félagsfærni en þar læra börnin að leika sér saman og tala saman.

Skólahópur fór í íþróttir út í Austurbergi en féll það eitthvað niður vegna COVID-19. Hinir hóparnir fóru í hreyfistundir í salnum með sínum hópstjóra og unnu allskonar skemmtileg verkefni þar tengd hreyfingu.

Málörvun á að fara fram alla morgna frá 8:30-9:00 en það gengur ekki alltaf. Einnig voru sögustundir getuskiptar og gekk okkur illa í byrjun að finna tíma sem hentaði öllum en það tókst. Lesið fyrir þau alla morgna í 10-15 mín og hefur það gengið mjög vel.

Matartíminn gengur vel, borðum er skipt eftir hópum með smá undantekningum. Skólahópur borðar inni í Listabergi til að auka gólfrymi inni á deild og munum við halda áfram að borða þar. Börnin fengu að skammta sér sjálf, ganga frá eftir sig en það fór að vísu eftir því hvernig COVID 19 hagaði sér í þjóðfélaginu.

Yngri hvíldin gengur vel en smá tími fer í það að svæfa þau börn sem þarf að svæfa og þurfa svefninn sinn. Gekk ekki vel í byrjun en þegar við fundum lausn að þá varð hún betri. Eldri hvíldin gengur upp og niður og eru nokkur börn komin með fikt dót sem er betra. En það er dagamunur á börnunum.

Samvera er fastur liður í dagskipulaginu hjá okkur og gekk hún oftast vel en það er dagamunur á börnunum. Í samverunni fyrir hádegismat syngjum við. Barnafundirnir gengu ekki nógu vel hjá okkur og þurfum við að bæta það fyrir næsta skólaár.

Frjálsi leikurinn er tvisvar sinnum yfir daginn hjá okkur, um morguninn þegar börnin mæta og svo aftur annað hvort um kl. 10:00 eða kl. 12:30 þegar hvíldin er búin. Yfir vetratímann er frjálst, börnin velja

Það sem þeim langar að gera en yfir sumartímann förum við í val sem börnunum finnst mjög skemmtilegt og bíða eftir.

Lagt er upp með tvær útiverur yfir daginn, annað hvort fyrir hádegi eða um kl. 13:00 og svo í lok dags. Flest börnin eru mikið fyrir það að fara út þótt það geti oft verið erfitt að klæða sig í útifötin.



Umbóta- þættir Spálands	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat: hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópar, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Börnin eru hvött til að deila reynslu sinni, hugmyndum og tilfinningum	Stefnt er að því að leggja meiri áherslu á barnafundi. Starfsmenn finna tíma yfir daginn til að ákveða möguleg viðfangsefni fyrir fundina fyrir fram. Hugmyndir punktaðar niður á blað á deildarfundum.	Starfsfólk leggur meiri vinnu í að skipuleggja barnafundi fyrir fram og forðast að hafa alla fundi eins.	Veturinn 2021 - 2022	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar	Punkta hjá sér, spyrja börnin, ýta undir það að allir taki virkan þátt á fundum. Hlusta á börnin.	Að starfsfólk taki mark á börnunum og þeirra upplifunum. Starfsfólk þarf að hlusta á börnin og vera til staðar fyrir þau alltaf.
Starfsfólk leiðbeinir og tekur þátt í leik barna þegar það á við.	Að starfsfólk sé vakandi og sjái þegar það þarf að fara inn í leik barnanna og leiðbeina þeim.	Starfsfólk sé á staðnum (í núinu), fylgist með börnunum og taki virkan þátt þegar það á við. Finna lesefni fyrir starfsfólk um mikilvægi leiksins. Skrá niður hvað við gerðum og hvernig gekk.	Veturinn 2021-2022	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar	Á deildarfundum eftir áramót, ræða hvernig hefur gengið, ræða skráningar sem hafa verið gerðar. Hvað getum við gert betur. Endurmat í maí.	Að starfsfólk taki ósjálfrátt þátt í leik barnanna og finnist það eðlilegt ferli.
Ferilmöppur	Stefnt er að því að skrá niður nám barnanna.	Hver og einn starfsmaður sér um sinn hóp.	Veturinn 2021-2022	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar	Að vori munu kennarar skoða möppur barnanna og ath. hvort allt sé inn í möppum barnanna.	Að öll börn deildarinnar verði komin með ferilmöppu þar sem nám þeirra og annað er skráð

2.4 Innra mat Þrastalands

Á Þrastalandi eru fimm starfsmenn. Gott andrúmsloft og samvinna einkennir deildina. Aðlögun hófst í lok ágúst og stóð fram í febrúar. Tíu börn byrjuðu í ágúst og september, fimm börn af deildinni fóru yfir á eldri deildar í janúar og fimm börn komu í aðlögun í janúar og febrúar. Aðlögun gekk yfirhöfuð vel.

Samstarf við foreldra var almennt gott og samskipti starfsfólks og foreldra var gott. Tvö foreldraviðtöl eru yfir veturinn, eitt að hausti sem fór fram gegnum síma og annað að vori sem fór fram í leikskólanum. Vegna faraldurs máttu foreldrar mjög takmakað koma inn í leikskólann og þess vegna þurftum við að mestu leyti að styðjast við tölvupóst og sameiginlega Facebook síðu til þess að koma upplýsingum til foreldra.

Hópastarf hófst í september og börnunum var skipt í fjóra hópa óháð aldri. Inn í hópastarfið fellur ýmislegt svo sem samskipti, málörvun og að læra að leika saman í hóp. Umbótaþættir í vetur voru að börnin hafi áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda og að unnið sé markvisst að auknu sjálfstæði. Börnin hafa alltaf frjálsan aðgang að bókum. Í söngstund eru alltaf tveir söngstjórar og fá þeir að taka þátt í að stjórna söngstund í viku í senn. Börnin velja hvaða lög við syngjum og fá stundum að stjórna handabruðum sem passa við lögin. Börnin fá líka að velja hvaða leikföng eru í boði í frjálsum leik. Börnin voru hvött til að klæða sig sjálf úr og í bæði úti- og inniföt, þau þvo hendur við komu í leikskólann og eftir útiveru, einnig þvo þau hendur og munn með þvottastykki eftir matartíma. Samkvæmt jákvæðum aga er mikilvægt að skapa tækifæri fyrir börnin til að hafa hlutverk, þannig finna þau að þau séu mikilvægur hluti af heildinni og að þau skipti máli, þetta eflir einnig sjálfstæði þeirra. Út frá þessu fengu börnin ýmis hlutverk í leikskólanum, þetta var nýr liður í starfinu á Þrastalandi og ekki næg æfing og reynsla komin á það enn svo þetta verður tekið fyrir sem umbótaþáttur næsta vetur. Við málörvun var stuðst við kennslufnið „Lubbi finnur málbein“. Þar eru málhljóðin kynnt fyrir þeim og Lubbalögin sungin. Önnur málörvun var virk hlustun, virk umræða og hvert tækifæri nýtt til að tala saman. Í febrúar var byrjað á verkefninu Gefðu 10 sem er ætlað til þess að auka samtal og samskipti við fjöltýngd börn, þetta verkefni skilaði miklum árangri. Einu sinni í viku eru málörvunarstundir hluti af hópastarfi. Tvisvar á dag eru söngstundir og lesstund í litlum hóp er daglega auk þess sem tíminn eftir hvíld er vel nýttur í lestur og spjall. Málörvun hefur því almennt gengið mjög vel en það má alltaf gera betur og því verður markvissari málörvun umbótaþáttur næsta vetur, til dæmis með því að hafa ákveðin þemu, svo sem líkamann, liti, dýr eða mat. Í vetur voru barnafundir innleiddir í leikskólanum. Á Þrastalandi snúast barnafundir um að æfa sig að sitja í hring og hlusta hvert á annað. Börnin fá alltaf tækifæri til þess að standa upp og tjá sig og unnið er með hvatningu og hrós.

Í vetur er áfram unnið að ferilmöppum barnanna. Í þær fer ýmislegt sem við kemur þroska og námi barnanna. Meðal annars er hæð skráð, börnin eru spurð ýmissa spurninga og handa- og fótafar er tekið svo eitthvað sé nefnt. Ferilmappan er skemmtileg aðferð á skráningu á þroska og námi barnanna.

Útiveran gekk vel, við lögðum mikið upp úr útiveru strax í byrjun aðlögunar. Við nýtum alla daga í útveru yfir háveturinn þegar veður leyfir. Börnin fá einnig tíma í fataherberginu til að þess að æfa sig að klæða sig sjálf. Þessi tími tvinnast inn í hópastarfið. Þau læra heilmikið og eflast við þetta.

Hluti barnanna á deildinni eru af erlendum uppruna. Í samstarfi við foreldra fundum við tónlist frá upprunalandi þeirra sem hefur verið spiluð í samverustundum. Einnig fá þessi börn auka málörvun í gegnum verkefnið Gefðu 10.

Samverustundir, matartímar og hvíld gengu vel, sérstaklega með tilliti til þess hvað börnin í vetur eru ung. Börnin eru ekki lengi að átta sig á notalegheitum gæðastundanna. Á skömmum tíma lærðu þau að sitja, syngja og hlusta á sögur. Samverustundir voru nýttar til að kenna þeim litina og tölustafina meðal annars. Börnin á þrastalandi skammta sér ekki mat sjálf, þau eru einfaldlega of ung og maturinn oft mikið heitur. Matartímar gengu yfir höfuð vel. Í hvíldinni á hvert barn sýna dýnu, sinn kodda og sitt teppi.

Í heildina litið gekk starfið mjög vel, starfsfólk deildarinnar var mjög samstíga. Gagnkvæm virðing ríkti milli allra starfsmanna. Allir starfsmenn voru með sama markmið að láta starfið ganga vel fyrir sig. Unnið var að því að kenna börnunum frumkvæði, sjálfsbjörg og að mynda sér sjálfstæðar skoðanir og taka virkan þátt í leik og starfi. Starfsmenn munu halda áfram að sýna börnunum ómælda umhyggju og hvetja þau áfram í að verða sjálfstæðir einstaklingar. Umbótaþættirnir fyrir næsta vetur verða markviss málörvun og að börnin fá fleiri hlutverk innan hópsins.



Umbótaþættir Þrastalands	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat Hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf á bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota?	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði
Málörvun	Að börnin auki orðaforða með virkri umræðu í samverustundum, sem og við matarborðið og hvenær sem er yfir daginn.	Hafa fyrir fram ákveðin þemu tvær vikur í senn. Leggja orð á allt sem er vert í leik og starfi. Sýnum því sem þau hafa að segja áhuga með virkri hlustun og spyrjum þau spurninga. Þannig veðra til umræður sem auka skilning þeirra og orðaforða.	Hefst að hausti þegar börnin byrja í leikskólanum.	Allt starfsfólk deildarinnar.	TRAS skráning á málþroska ungra barna. Metum á deildarfundum í desember og maí.	Að börnin eflist í töluðu máli.
Unnið markvisst með hlutverk og verkefni fyrir börnin	Unnið að auknu sjálfstæði og ábyrgðar tilfinningu barnanna.	Hafa trú á getu þeirra til þess að framkvæma eða hjálpa til við ýmis hlutverk og verkefni. Að börnin fái nóg af tækifærum til að æfa nýja færni og að læra af mistökum sínum.	Allt árið.	Allt starfsfólk deildarinnar.	Metum á deildarfundum.	Að börnin upplifi sig sem mikilvægan hluta af hópnum og að þau skipti máli.

2.5 Innra mat sérkennslu

Nýr sérkennslustjóri hóf störf um miðjan ágúst 2020. Að mörgu vara að hyggja og eitt af því var að hann öðlist réttindi á þau matstæki sem notuð eru til að meta almennan þroska barna á leikskólum. Haustið fór í að afla þessara réttinda og fór sérkennslustjóri á fjögur námskeið í allt.

Í leikskólanum eru tvö börn með stuðningstíma annað barnið er í 1. flokki og með 8 ½ klst. Hitt barnið er í 2. flokki og hefur fengið 6 klst. Þrír starfsmenn hafa sinnt þessum stuðningi. Foreldrar velja þær þjálfunaraðferðir sem eru notaðar með börnum sem fá stuðningstíma. Atferlisþjálfun hefur orðið fyrir valinu og stuðst hefur verið við lista yfir þjálfunaraðferðir úr bókinni Behavioral Intervention for Young Children with Autism og einnig AEPS listann til að finna markmið sem vinna á með. Öll vinna er skráð niður í einstaklingskennslu á þar til gerð skráningarblöð og fylgst er með árangri og ný markmið ákveðin þegar fyrri markmiðum er náð. Í hópastarfi fara verk barnanna í möppu sem er merkt þeim og þar er hægt að sjá þróun þeirra í verki í hópastarfi. Einnig eru gerðar ferilmöppur fyrir hvert og eitt barn til halda utan um nám barnsins frá því að barnið byrjar og þar til það hættir. Einnig eru heimatilbúnir listar notaðir.

Stofnað er teymi fyrir þau börn sem eru með stuðningstíma. Í teyminu eru foreldrar, deildarstjóri, yfirþjálf, sérkennslustjóri, ráðgjafi frá þjónustumiðstöð Breiðholts og í einhverjum tilfellum er starfsmaður frá Greiningar og Ráðgjafastöð ríkisins og Æfingastöðinni. Reynt er að hafa teymisfundi á 6 – 12 vikna fresti, fer allt eftir óskum foreldra og þunga mála. Gengið hefur vel að hafa þá fundi sem settir voru á í vetur og höfum við verið með fjarfundi þegar ekki hefur mátt hittast vegna Covid. Samstarf við Æfingastöðina hefur gengið vel, við höfum farið með börn í þjálfun til þeirra og svo koma iðju- og sjúkraþjálfarar til okkar til að sjá hvernig gengur og koma með góðar hugmyndir. Einnig höfum við líka verið í samstarfi við talmeinafræðinga og farið með börn í talþjálfun til móts við foreldra. Ráðgjöf til foreldra og starfsmanna kemur að mestu leyti frá þjónustumiðstöð Breiðholts og Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins sem heldur fjölda námskeiða fyrir foreldra og fagfólk. Einn starfsmaður úr sérkennslu fór á námskeið í AEPS matslistanum. Allir starfsmenn sérkennslu sóttu svo ráðstefnu Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins í ár sem haldin var í streymi vegna fjöldatakmarkana.

Samstarf við Þjónustumiðstöð Breiðholts hefur verið gott og alltaf verið auðvelt að leita til þeirra. Þau hafa svarað tilvísunum og viðtalsbeiðnum fljótt og vel en ástandið í vetur hefur seinkað öllu aðeins. Á hvorri önn eru tveir samráðsfundir, á þeim eru sérkennsluráðgjafi, sálfræðingur, talmeinafræðingur og félagsfræðingur frá þjónustumiðstöð og svo deildarstjóri og sérkennslustjóri frá leikskólanum. Á þessum fundum geta deildarstjórar viðrað áhyggjur sínar af einstaka börnum eða málum sem tengjast þeirra deild. Ef það er ekki búið að vísa barni áður á Þjónustumiðstöð Breiðholts er vinnureglan þannig að rætt er um barnið nafnlaust.

Elsti árgangurinn tekur Hljóm - 2 skimun að hausti, þau börn sem sýna slaka eða mjög slaka færni fara í málörvunarhópa og unnið er með hljóðkerfisvitundina markvisst. Eftir áramót er svo geta þeirra könnuð aftur. Í vetur hefur þessi markvissa vinna skilað miklum árangri. Við vinnu með hljóðkerfisvitundina hefur bæði verið notað heimatilbúið efni og aðkeypt. Hafa þá til dæmis bækurnar Tölum saman, Markviss málörvun og Leggðu við hlustir komið að góðum notum svo og Lubba spilið.



Umbótaþættir sérkennslu	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
Einstaklingsnámskrá	Að starfsfólk deildanna og sérkennslu vinni eftir einstaklingsnámskrá.	Að kynna fyrir starfsfólki á deildarfundi.	Sérkennslustjóri Þjálfar deildarstjóri	haust	áramót	Að fara yfir á deildarfundi í desember – fara yfir skráningar og meta hvort árangur hafi náðst.	Að árangur sé mælanlegur, sjáist á skráningu.
Sérkennslufundir	Að fundað sé í hálf tíma vikulega og 1 klst. fund mánaðarlega.	Hafa í vikuskipulagi fastan dag til að funda.	Sérkennslustjóri	Haust	Áramót	Tala við sérkennslustarfsfólk hvernig hafi gengið og hvort það hafi grætt á fundunum.	Skrá niður hversu oft fundirnir voru. Meta hvernig starfsfólki fannst, hvort það hafi grætt á þeim.
Að sérkennslubörn hafi tækifæri til að taka þátt í öllu hópastarfi	Að barnið sé með í hópastarfi.	Að laga hópastarfið að barninu.	Þjálfar deildarstjóri	Haust	Áramót	Skrá niður hversu oft barnið tekur þátt í hópastarfi. Að þau eigi verkefni úr hópastarfi í möppunni sinni.	Skoða skráningar og möppur barns. Meta árangur út frá því.

2.6 Innra mat – fjöltyngd börn

Alls hafa verið 24 börn í málörvun í vetur. Skipulag málörvunarhópanna er misjafnt eftir því hvaða börn eru í hvaða hópi. Þeim var skipt upp 1-3ja manna hópa eftir getu hvers barns. Öll fjöltyngd börn sem hafa þurft á málörvun að halda fóru í málörvunarhópa.

Það fjármagn sem skólanum er úthlutað fer í laun starfsmanns sem sér um málörvun og til kaupa á gögnum er varða sérkennslu.

Í haust unnu talmeinafræðingar á þjónustumiðstöð Breiðholts að því að endurvekja verkefnið Læsi allra mál. Markmið verkefnisins er að efla málþroska í leikskólum og að veita þeim börnum sem eru í áhættuhóp aukna aðstoð fyrr og mæta þannig þörfum hvers og eins. Leikskólinn skimaði öll börn fædd 2016 og 2017 með EFI -2 málþroskaskimun. Talmeinafræðingar greindu síðan niðurstöður og veittu ráðgjöf. Leikskólinn fékk svo í hendur ákveðna verkferla, úrræði og þar til gerð skráningarblöð til að skrá íhlutun eftir ákveðnum kvörðum til að meta framfarir og stöðu hvers og eins. Þau börn sem sýndu slaka eða mjög slaka færni á EFI-2 voru sett í málörvunarhóp hvort sem þau voru ein- eða fjöltyngd.

Starfsmaður sinnti málörvun í 50% stöðu fram í lok nóvember. Seinni hluta vetrar hefur málörvun verið sinnt af deildum í ½ klst. á hverjum morgni en lítið má út af bregða, eins og til dæmis veikindi, til að málörvun falli niður. Einnig hefur sérkennslustjóri tekið málörvunarstundir þegar því hefur verið komið við. Sérkennslustjóri hefur gert nokkur markmið fyrir hver barn og hefur stuðst við úrræðin úr Læm verkefninu við gerð þeirra. Fylgst er með framförum í orðaforða fjöltyngdra barna með því að skrá orðaforða þeirra í skráningarlista úr Orðaleik frá lðavöllum á Akureyri. Öll íhlutun er skráð á þar til gert skráningarblað og fylgst er með framförum, áframhald er svo metið út frá því.

Orðapemu úr Orðaleik hefur komið að góðum notum í málörvun við höfum notað myndirnar á fjölbreyttan hátt til dæmis spilað bingó, fundið samstæður og veitt með veiðistöng. Þá var hafist handa við að gera bingó úr þessum Orðapemum til að nota inn á deildum. Það hefur verið vinsælt hjá börnunum og vill starfsfólk fá fleiri svona bingó til að spila með öllum börnunum. Einnig eru allskonar spil sem örva mál notuð til dæmis Krakka segðu, Segðu sögu, sequence og mörg fleiri. Lærum og leikum með hljóðin hefur einnig nýst vel bæði í vinnu með framburð, orð og setningar.

Allar deildar nota TRAS skráningarlistann til að fylgjast með þróun málþroska hjá börnunum. Starfsmenn á Lóulandi og Spóalandi, eldri deildunum tveimur, fengu ráðgjöf um málörvun í lestrar stundum og almenna málörvun í daglegu starfi á deild. Í framhaldi af ráðgjöfinni var svo skipt í leshópa eftir skilningi og tjáningargetu og markvisst verið að reyna að dýpka orðaforða barnanna bæði í lesstundum og í daglegum athöfnum með því að setja orð á allt sem er verið að gera. Eftir áramót var byrjað á verkefninu Gefðu 10. Til að halda utan um þetta verkefni var skipaður sérstakur ábyrgðarmaður sem heldur utan um skráningar og tekur stöðu á verkefninu á deildarfundum.

Öll börn taka þátt í hópastarfi eins og geta þeirra leyfir. Hópastarfið er sniðið að þeirra þörfum, Bætt er við orðaforða og málskilning þeirra með lestri bóka við hæfi. Unnið er með Sögugrunninn sem æfir tjáningu og frásögn. Farið er í Lubba einu sinni í viku og unnið með málhljóð vikunnar. Öll börnin fara í listsköpun og þau elstu æfa sig líka í að merkja verkin sín sjálf. Í öllu starfi með börnunum er reynt að innvinka alla þætti hljóðkerfisvitundar, tækifærin eru gripin til að ríma og eru rímmyndir sýnilegar á veggjum, einnig eru atkvæðin klöppuð í nöfnunum og fleiri orðum. Við notum myndir til að styðjast við í samsett orð og sundurgreiningu. Elstu börnin æfa sig í stærðfræði en yngri börnin fara í félagsfærni.

Félagsfærni á sér stað í öllu starfi en einnig höfum við bætt við félagsfærni sem fer fram í litlum hópum þar sem börnin velja það sem þeim langar að leika með og kenna á börnum samskipti, til dæmis að deila leikföngum, biðja um eitthvað, fá lánað og skila.

Staðið hefur verið fyrir lestrarátaki á haustönn og vorönn. Með því hefur samstarf milli heimilis og skóla verið aukið, bókum verið gert hærra undir höfði og ýtt þannig undir málörvun með lestri góðra bóka. Foreldrar hafa lesið fyrir börn sín heima og skrifað á þar til gerðan miða nafn barns, hvað bókin heitir, höfund og fjölda bls. Síðan fóru þau í salinn með barninu og festu miðann á vegginn og úr varð skemmtilegur bókaormur. Í ár var þetta með öðru sniði vegna covid. Börnin gátu ekki farið með miða heim eða foreldrar komið inn með börnunum. Í staðinn lásu deildarstarfsmenn bækur fyrir börnin og skráðu þær á þar til gerðan miða og úr varð þetta glæsilega Lubbafjall.



3 Ytra mat

Þetta skólaárið var framkvæmd viðhorfsskönnun á meðal foreldra og voru niðurstöður hennar nokkuð góðar en alltaf er hægt að setja markið hærra. Við ætlum að bæta við sem umbótarþáttum sem snúa að upplýsingagjöf og samskiptum við foreldra. Við ætlum að samræma upplýsingagjöf til foreldra á milli deilda og einnig ætlum við að einbeita okkur að því að vera lausnamiðuð í samskiptum við foreldra með annað tungumál en íslensku og finna fjölbreyttari leiðir til samskipta.

Einnig fór fram starfsmannakönnun og voru niðurstöður nokkuð góðar miðað við þær aðstæður sem við höfum búið við s.l. skólaár vegna Covid.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Viðhorfsskönnun foreldra	Spurningalisti sendur út til foreldra	Foreldrar	Í heildina kom könnunin vel út. Flestum foreldrum finnst að barninu þeirra líði vel í leikskólanum og að það sé öruggt. Foreldrum finnst almennt vingjarnlegt andrúmsloft og að leikskólanum sé vel stjórnað. Við þurfum að bæta okkur í því að fá foreldra í meiri samvinnu við okkur um hin ýmsu mál og vera duglegri að leita til foreldra eftir tillögum og hugmyndum.
Starfsmannakönnun	Rafræn könnun send út til allra starfsmanna	Starfsmenn	Það sem jákvætt er að langflestir þættir komu betur út en síðast. Starfsánægja hefur aukist, auk þess sem árangursríkir stjórnunarhættir koma betur út en áður. Það er ýmislegt sem er hægt að bæta eins og móttaka nýliða og upplýsingagjöf til starfsmanna. Starfsfólk upplifir mikið vinnuálag og finnst því hafa of mikið að gera. Einnig má stjórnendateymið bæta sig í upplýsingagjöf til starfsmanna.



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Leikskólastjóri hóf að taka snerpusamtöl við starfsmenn í janúar 2021 og mun klára að taka samtal við alla starfsmenn í lok apríl. Í júní er svo áætlað að taka snerpusamtal númer 2. Viðtölin gengu vel og mættu starfsmenn vel undirbúnir til leiks.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Leikskólarnir Hraunborg, Hólaborg og Suðurborg hafa á undanförunum árum verið með listasýningu í kringum Sumardaginn fyrsta í Hólagarði. Við það tækifæri eigum við þá hefð að elstu börn skólanna, opna sýninguna með söng og bjóða gestum og gangandi að skoða listaverk allra barnanna í skólunum. Nú í ár tókst ekki að sinna þessu vegna Covid-19.

Samstarf við Hólabrekkuskóla, því miður var ekki hægt að fara eftir því skipulagi sem venjulega er fylgt. Í lok maí var loksins hægt að heimsækja skólann og fóru börnin með starfsfólki leikskólans í heimsókn og sátu í kennslustund. Einnig fengu þau að heimsækja frístundaheimilið Álfheima. Um miðjan maí þá fóru deildarstjórar elstu barnanna á rafrænan fund þar sem fram fór skil milli skólastiga.

Tónlistarskóli Sigursveins, elstu börnin okkar fóru í heimsókn í tónskólann þar sem þau fengu að kynnst töfraheimi hljóðfæranna í kringum hið árlega samstarfsverkefni í kringum Barnamenningarhátíðina.

Barnamenningarhátíðin, elsti árgangurinn í leikskólanum tekur alltaf þátt í opunarhátíð Barnamenningarhátíðarinnar þar sem börnin eru búin að æfa fyrir fram ákveðin lög og mæta svo í Hörpuna og syngja ásamt fjölda annarra leikskólabarna úr Reykjavík. Þetta árið mættu börnin í Ráðhúsið ásamt börnum úr nokkrum öðrum leikskólum og sungu. Tónleikunum var streymt og þannig gátu foreldrar sem og aðrir horft á, áhorfendur voru ekki leyfðir vegna sóttvarnaraðgerða.

Borgarbókasafnið í Gerðubergi, þrír elstu árgangarnir fara í skipulagðar heimsóknir yfir skólaárið. Börnin kynnst bókasafninu í gegnum lestur og leik, þau sækja þangað skipulagðar sögustundir. Einnig kemur sögubíllinn Æringi til okkar og er með sögustundir fyrir tvo elstu hópana.

Samstarf við slökkviliðið, hefðin er sú að starfsmenn slökkviliðsins heimsækja okkur einu sinni á ári til að fræða elstu börnin um eldvarnir og taka út eldvarnir í leikskólanum og passa að þær séu allar í lagi. Elstu börnin sjá um mánaðarlegt eftirlit á öryggisþáttum eins og til dæmis að flóttaleiðir séu greiðar, hurðapumpur séu virkar og slökkvitæki séu aðgengileg. Þetta árið fengum við sent kennslufni frá slökkviliðinu sem starfsmenn leikskólans sáu um að kynna fyrir börnunum.



Íþróttafélag Reykjavíkur – ÍR, elstu börnin í leikskólanum sækja íþróttatíma í boð ÍR í íþróttahúsið í Austurbergi einu sinn í viku undir handleiðslu þjálfara.

8 Foreldrasamvinna

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann. Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu var ekki hægt að halda hefðbundinn aðalfund. Voru upplýsingar sendar rafrænt til foreldra og í kjölfarið óskað eftir foreldrum til að koma í foreldrafélagið. Aldrei hefur áður verið jafn auðvelt að fá foreldra til starfa. Foreldrafélagið hefur tekið þátt í að halda opið hús fyrir jólin en því miður féll það niður þetta skólaárið. Fyrir jólaballið sér félagið um að kaupa gjafir fyrir öll börnin frá jólasveininum. Í venjulegu árferði hefur foreldrafélagið staðið fyrir sveitaferð, leiksýningum, ýmsum uppákomum en því miður var lítið hægt að gera á þessu skólaári. Foreldrafélagið hefur komið að kostnaði við útskriftarferð elstu barnanna og fært leikskólanum ýmsar gjafir. Sumarhátíð og opið hús var haldið hátíðlegt um miðjan júní og bauð foreldrafélagið upp á ýmislegt þennan daginn. Upp úr hádegi kom Blaðrarinn og bjó til blöðrudýr handa hverju barni ásamt því að mála börnin í framan. Síðan kom Sirkus Íslands og var með mjög skemmtilega sýningu úti í garði fyrir foreldra og börn. Vel heppnaður dagur.

Foreldrafundur fyrir foreldra var því miður ekki hægt að hafa þetta skólaárið og því var efnið sent til þeirra á rafrænu formi. Nýjum foreldrum var kynnt starfsemin á aðlögunartímabili barnsins.

Foreldraviðtöl voru í september og mars. Viðtölin sem voru í september voru tekin í gegnum síma en í mars viðtölunum þá náðum við að bjóða foreldrum í viðtal hér í leikskólanum. Flestir foreldrar nýttu sér þau og voru ánægðir með starfið. Á næsta skólaári verða viðtölin í október og mars.

Foreldraráð var starfandi og í því áttu sæti þrír fulltrúar foreldra.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

- 24. september – allur dagurinn
- 26.nóvember – allur dagurinn
- 3.janúar – allur dagurinn
- 4.mars – eftir hádegi
- 20.maí – eftir hádegi
- 7. og 8.júní – allur dagurinn, námsferð

Þessir dagar eru birtir með fyrirvara



Skóladagatal 2021 - 2022

Nafn skóla:

Hraunborg

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 S	1 M Aðigun hefst	1 F Blekur mánuður/Hattadagur	1 M Lestrarátak hefst - Lubbaþell	1 M Fullveldisdagurinn/Vöðukaffi	1 L Nýársdagur	1 Þ	1 Þ	1 F	1 S Verkalýðsdagurinn	1 M Úskiritarferð
2 M	2 F Frídagur verslunarmanna	2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 M	2 L	2 M Lestrarátak - Lubbaþell	2 F
3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F	3 M Skipulagsdagur a.d.	3 F	3 F	3 S	3 Þ	3 F Úskirith
4 M	4 L	4 M Foreldravíðir á þröstalandi	4 F	4 L	4 Þ Vasaljósamínubur	4 F	4 F Skipulagsdagur e.h.	4 M	4 M	4 L
5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 L	5 L	5 Þ Sammenningaráhitið	5 F	5 S Hvítasunnudagur
6 F	6 M Hópastarí hefst/umferðarfræð	6 M	6 L	6 M	6 F Þrettándinn	6 S Dagur leikskólans	6 S	6 M Sammenningaráhitið	6 F	6 M Annar í Hvítasunu
7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 Þ	7 F Leikfangadagur	7 M Tannverndarvika	7 M Foreldravíðir Þröstaland	7 F Sammenningaráhitið	7 L	7 Þ Skipulagsdagur a.d.
8 S	8 M Dagur læsis	8 F	8 M Baráttudagur gegn einelti	8 M Kirkjuleið	8 L	8 Þ	8 Þ	8 F Gur dagur	8 S	8 M Skipulagsdagur a.d.
9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F
10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 F	10 M	10 F	10 F	10 S Pálmasunnudagur	10 Þ	10 F
11 M	11 L	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F Dagur íslenska táknaðsins	11 F	11 M	11 M	11 L
12 F Leikskólinn opnar eftir sumarfrí	12 S	12 Þ	12 F Lestrarátaki lýkur	12 S	12 M	12 L	12 L	12 Þ	12 F	12 S Sjómennadagurinn
13 F	13 M Foreldravíðir á Spólalandi	13 M	13 L	13 M	13 F	13 S	13 S	13 M	13 F Lestrarátaki lýkur	13 M
14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 M Bolludagur	14 M Foreldravíðir Spólaland/Dagur	14 F Skírdagur	14 L	14 Þ
15 S	15 M	15 F Blekur dagur	15 M	15 M	15 L	15 Þ Sprengidagur	15 Þ	15 F Föstudagurinn langi	15 S	15 M
16 M	16 F Dagur íslenskrar náttúru	16 L	16 Þ Dagur íslenskrar tungu	16 F	16 S	16 M Óskudagur	16 M	16 L	16 M	16 F Sumarhátíð/Þrótt háls
17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 F Jóttaþell	17 M	17 F	17 F	17 S Þáskudagur	17 Þ	17 F Lýðveldisdagurinn
18 M	18 L	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F Konudagskaffi 15-16	18 F	18 M Annar í þáskum	18 M	18 L
19 F	19 S	19 Þ	19 F Leikfangadagur	19 S	19 M	19 L	19 L	19 Þ	19 F	19 S
20 F	20 M Foreldravíðir á Lóulandi	20 M	20 L Dagur mannréttinda barna	20 M	20 F	20 S Konudagur	20 S	20 M	20 F Skipulagsdagur e.h.	20 M Þróttavika
21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ	21 F Böndadagur/böndadagskaffi	21 M	21 M Foreldravíðir Lóuland	21 F Sumardagurinn fyrsti	21 L	21 Þ
22 S	22 M	22 F	22 M	22 M	22 L	22 Þ	22 Þ	22 F	22 S	22 M
23 M	23 F	23 L Fyrsti vetrardagur	23 Þ	23 F Þorláksmessa	23 S	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F
24 Þ	24 F Skipulagsdagur a.d.	24 S	24 M	24 F Aftangadagur jóla	24 M	24 F	24 F	24 S	24 Þ	24 F Bolladagur
25 M	25 L	25 M	25 F	25 L Jóladagur	25 Þ	25 F	25 F	25 M	25 M	25 L
26 F	26 S Evrópski tungumáladagurinn	26 Þ	26 F Skipulagsdagur a.d.	26 S Annar í jólum	26 M	26 L	26 L	26 Þ	26 F Uppelgningedagur	26 S
27 F	27 M	27 M	27 L	27 M	27 F	27 S	27 S	27 M	27 F	27 M
28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 M	28 M	28 F	28 L	28 Þ
29 S	29 M	29 F Náttfataþell og þingsdagur	29 M	29 M	29 L		29 Þ	29 F	29 S	29 M
30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F	30 S		30 M	30 L	30 M	30 F
31 Þ		31 S		31 F Gamli ársdagur	31 M Tannverndarvika		31 F		31 Þ	

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs

Ekki tókst að manna foreldraráð svo foreldrafélagið sá um verkefni þess þetta skólaárið.

Foreldrafélagið hefur farið yfir starfsáætlun Hraunborgar fyrir skólaárið 2021-2022 og er heilt yfir ánægt með starf, áherslur og þær tillögur að úrbótum sem lagt er upp með. Faglegt starf fer fram og markvisst er unnið samkvæmt námskrá á leikskólanum.

Heilt yfir virðast foreldrar ánægðir með starf skólans og foreldrafélaginu ekki borist neinar kvartannir. Aðeins virðist þó muna á ánægju foreldra milli deilda en það gæti skýrst á því að töluvert meira hefur verið um starfsmannabreytingar á Spóalandi en hinum deildunum. Munur er t.d. milli skreytinga á gluggum deildanna sem gerir deildirnar mis heillandi út á við. Ekki virðist þó vera óánægja með neina af deildunum en Lóuland og Þrastarland fá heldur þetta smá auka. Samskipti við foreldra virðast ganga áberandi vel á Þrastalandi. Skapandi starf og hlýlegar móttökur eru ennþá áberandi á Lóulandi. Á Spóalandi hefur gengið vel þrátt fyrir töluverðar mannabreytingar.

Eins og á síðasta ári höfðu covid-19 og samkomutakmarkannir áhrif á starf leikskólans en starfsfólk stóð sig mjög vel og vel var staðið að móttöku barna og úrlausn mála við þessar krefjandi aðstæður.

F. h. leikskólans

Sigríður Fanney Pálsdóttir,
Leikskólastjóri

28.júní 2021
Dagsetning



Umsögn foreldraráðs 2021-2022

Ekki tókst að manna foreldraráð svo foreldrafélagið sá um verkefni þess þetta skólaárið.

Foreldrafélagið hefur farið yfir starfsáætlun Hraunborgar fyrir skólaárið 2021-2022 og er heilt yfir ánægt með starf, áherslur og þær tillögur að úrbótum sem lagt er upp með. Faglegt starf fer fram og markvisst er unnið samkvæmt námskrá á leikskólanum.

Heilt yfir virðast foreldrar ánægðir með starf skólans og foreldrafélaginu ekki borist neinar kvartannir. Aðeins virðist þó muna á ánægju foreldra milli deilda en það gæti skýrst á því að töluvert meira hefur verið um starfsmannabreytingar á Spóalandi en hinum deildunum. Munur er t.d milli skreytinga á gluggum deildanna sem gerir deildirnar mis heillandi út á við. Ekki virðist þó vera óánægja með neina af deildunum en Lóuland og Þrastarland fá heldur þetta smá auka. Samskipti við foreldra virðast ganga áberandi vel á Þrastarlandi. Skapandi starf og hlýlegar móttökur eru ennþá áberandi á Lóulandi. Á Spóalandi hefur gengið vel þrátt fyrir töluverðar mannabreytingar.

Eins og á síðasta ári höfðu covid-19 og samkomutakmarkannir áhrif á starf leikskólans en starfsfólk stóð sig mjög vel og vel var staðið að móttöku barna og úrlausn mála við þessar krefjandi aðstæður.